

## Persónuverndartilkynning - KIA reikningar

Til þess að geta veitt þér aðgang að öllu því sem KIA reikningur hefur upp á að bjóða þurfum við að vinna ákveðin gögn.

### 1 Ábyrgðaraðili

Kia UVO Connected GmbH, þýskt félag með skrásetningarnr. HRB 112541 og starfsstöð að Theodor-Heuss-Allee 11, 60486 Frankfurt, Þýskalandi, hér tilgreint sem **KIA**, við eða **okkur**, ber ábyrgð á vinnslu allra persónuupplýsinga eins og nánar er rakið að neðan.

### 2 Tengiliður

Kvikni spurningar um eða vegna persónuverndartilkynningarinnar eða óskir þú þess að beita réttindum sem þú átt á grundvelli hennar (sjá gr. 8 að neðan) vinsamlega notið framangreindar upplýsingar til þess að hafa samband við okkur eða þær sem hér fara að neðan:

Kia UVO Connected GmbH

Netfang: [info@kia-uvo.eu](mailto:info@kia-uvo.eu)

Póstfang: Theodor-Heuss-Allee 11, 60486 Frankfurt am Main, Þýskalandi

Símanr. :

- Belgíë/Belgique: +32 80069706970
- France: +33 969 320 600
- United Kingdom: +44 3332022990
- Deutschland: +49 800 777 3044
- Sverige: +46 840 044 300
- Nederland: +31 888 542542
- España: +34 91 304 31 90
- Italia: +39 848 582 588
- Ireland: +35 3818300007
- Magyarorszá: +36 80 315 542
- Polska: +48 605542542
- Österreich: +43 1734290010
- Slovensko: +421 232 421 341
- Česko: +42 0222999333
- Norge: +47 679 70 700
- România: +40 213 125 005
- Ísland: +354 590 2130

Einnig er hægt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa okkar:

Netfang: [dpo@kia-uvo.eu](mailto:dpo@kia-uvo.eu)

Póstfang: Data Protection Officer, Theodor-Heuss-Allee 11, 60486 Frankfurt am Main, Þýskalandi

### 3 Tilgangur og lagastoð fyrir vinnslunni

Við vinnum persónuupplýsingar um þig sem þú veitir okkur aðgang að vegna skráningar og notkunar á KIA reikningnum þínum. Tilgangur vinnslunnar er að stjórna KIA reikningnum (frá innskráningu og þar til honum kann að verða lokað), veita þér aðgang að öllu sem KIA reikningur hefur upp á að bjóða og leið að þjónustu sem gerir KIA reikning að skilyrði. Þá verður hann notaður til þess að tilkynna þér um uppfærslur á KIA reikningnum.

Lagastoð okkar fyrir vinnslu persónuupplýsinganna grundvallast á því að vinnslan er skilyrði til efnda á samningi við þig um KIA reikninginn (1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingarlög 90/2018) og frekar mælt fyrir um í gr. 6(1) (b)

„EU General Data Protection Regulation“ ("GDPR")) eða byggt á lögum hagsmunum KIA (gr. 6 (1) (f) GDPR).

Frekari vinnsla vegna fjarvinnsluþjónustu sem tilgreind kann að verða er háð sérstakri persónuverndartilkynningu vegna þeirrar þjónustu sem vinnslan tekur til.

Önnur vinnsla persónuupplýsinga um þig fer því aðeins fram að lagaskylda standi til þess (til dæmis sé gerð krafa þar um með dómi eða geri saksóknari kröfu þar um með viðhlítandi lagastoð), þú hafir fallist á slíka vinnslu persónuupplýsinga eða úrvinnslan eigi sér aðra lagastoð. Fari vinnsla persónuupplýsinga fram í öðrum tilgangi veitum við þér frekari upplýsingar þar um, teljist það tilhlýðilegt. Við stöndum ekki að sjálfvirkum vélunnum ákvörðunum, svo sem persónuleikagreiningum (vinnslu svipmóts e=profiling), með notkun Appþjónustunnar án þess að hafa tilkynnt slíkt sérstaklega þar með talið vinnslu svipmóts með öðrum hætti.

#### 4 Flokkar persónuupplýsinga

Gögnin sem safnað er vegna KIA reiknings eru m.a.: nafn, netfang, símanúmer, lykilorð, land, tungumál sem þú kýst að nota og að þú hafir samþykkt notendaskilmálana.

#### 5 Viðtakendur og flokkar viðtakenda persónuupplýsinga

Aðgangur að persónuupplýsingum um þig hjá Kia takmarkast við þá sem þurfa aðgang að þeim til þess að fullnægja starfsskyldum sínum.

Flytja má persónuupplýsingar þínar í viðeigandi tilgangi til þeirra viðtakenda og flokka viðtakenda sem tilgreindir eru að neðan:

- Þriðju aðilar sem ekki eru opinberir – Einkaaðilar, aðrir en við, sem eru tengdir eða ótengdir og sjálfir eða í samvinnu við aðra ákveða tilgang og aðferð við greiningu á persónuupplýsingum.
- Vinnsluaðilar – Að móttæknum fyrirmælum sem nauðsynleg eru vegna tilgangs vinnslunnar getur tilteknum þriðju aðilum, tengdum eða ótengdum, verið afhentar persónuupplýsingar um þig til vinnslu fyrir hönd Kia. Vinnsluaðilarnir undirgangast samningsskuldbindingar um að viðeigandi tækni- skipulags og öryggisferlum sé fylgt til þess að vernda persónuupplýsingarnar og vinna aðeins þær upplýsingar sem þeir fá fyrirmæli um að vinna.

Vinnsluaðilinn fyrir KIA reikninginn er Hyundai Autoever Europe GmbH, Kaiserleistraße 8a, 63067 Offenbach am Main, Þýskalandi.

- Stjórnvöld, dómstólar, utanaðkomandi ráðgjafar og sambærilegir þriðju aðilar sem teljast opinberir svo sem viðeigandi lög kunna að mæla fyrir um eða heimila.

#### 6 Gagnaflutningur milli landa

Sumir viðtakenda persónuupplýsinga um þig eru staðsettir, eða reka starfsemi sem máli skiptir vegna söfnunar og vinnslu sem hér er lýst, utan Íslands og ESB/EES, s.s. í Suður Kóreu. Vernd persónuupplýsinga getur verið önnur þar en er á Íslandi og verið getur að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi ekki kveðið upp úr um að hún sé fullnægjandi. Vegna flutnings gagna til viðtakenda utan ESB/EES tryggjum við tilhlýðilegt öryggi sérstaklega með því að gera samninga um gagnaflutninga sem eru teknir upp af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (svo sem staðlaða samningsskilmála (e=Standard Contractual Clauses)(2010/87/EU og/eða 2004/914/EC)) við viðtakendurna eða gerum aðrar ráðstafanir

til þess að tryggja fullnægjandi vernd gagna. Fá má afrit þeirra ráðstafana sem við höfum gripið til hjá persónuverndarfulltrúa okkar (sjá 3.2. að framan).

## 7 Varðveislutími

Persónuupplýsingar um þig eru varðveittar af okkur og/eða þeim sem veita okkur þjónustu, einvörðungu í þeim tilgangi að fullnægja skyldu okkar og aðeins svo lengi sem nauðsyn ber til í því skyni að ná þeim tilgangi sem að var stefnt með söfnun upplýsinganna og í samræmi við persónuverndarlög sem við eiga. Þegar Kia hefur ekki frekari þörf til vinnslu persónuupplýsinganna verður þeim eytt úr tölvukerfum okkar og/eða skjalasöfnum og/eða viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að gera þær ópersónugreinanlegar (nema okkur sé skylt að varðveita upplýsingarnar til þess að fullnægja skyldum sem á Kia hvíla að lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, t.d. geta persónuupplýsingar í samningum og samskiptum varðandi viðskiptatengsl verið háðar varðveisluskyldu allt að 7 árum).

## 8 Þinn réttur

Hafirðu veitt samþykki fyrir nokkurskonar vinnslu persónuupplýsinga, geturðu afturkallað það hvenær sem er þannig að gildi þaðan í frá. Afturköllunin hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu sem þegar hefur farið fram.

Í samræmi við viðeigandi lög og reglur um persónuvernd getur þú átt rétt til þess að: krefjast aðgangs að persónuupplýsingum um þig, krefjast leiðréttingar persónuupplýsinga um þig, krefjast þess að persónuupplýsingum um þig sé eytt, gera kröfu um að vinnsla persónuupplýsinga um þig verði takmörkuð, krefjast flutnings persónuupplýsinganna og andmælt vinnslu persónuupplýsinga um þig.

Að auki geturðu sent kvörtun til Persónuverndar, sem er stjórnvaldið sem hefur með persónuvernd á Íslandi að gera.

Vinsamlega hafið í huga að réttindin kunna að takmarkast af lögum og reglum sem gilda um persónuvernd á Íslandi.

Vinsamlega hafið samband við okkur í samræmi við leiðbeiningar í gr. 2 að framan ef þess er óskað að beita einhverjum tilgreindra réttinda.

8.1 **Réttur til aðgangs:** Þú getur átt rétt til þess að fá frá okkur staðfestingu þess hvort persónuupplýsingar um þig séu unnar og sé svo, krefjast aðgangs að persónuupplýsingunum. Upplýsingar um aðgang eru m.a. um tilgang vinnslunnar, tegund upplýsinga sem hún tekur til og hverjir eða hverskonar viðtakendur hafi fengið eða muni fá aðgang að upplýsingunum. Þessi réttur er hinsvegar ekki ótakmarkaður og réttur annarra einstaklinga kann að takmarka rétt þinn til aðgangs.

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá afrit persónuupplýsinga sem eru í vinnslu. Verði beðið um viðbótareintök af þeim er okkur heimilt að krefjast sanngjarns endurgjalds, sem byggt yrði á kostnaði

8.2 **Réttur til leiðréttingar:** Þú getur átt rétt til þess að fá frá okkur leiðréttingu á röngum eða ónákvæmum persónuupplýsingum um þig. Samræmist það tilgangi vinnslunnar, geturðu átt rétt til þess að fá bæta við persónuupplýsingar sem vantar upp á, þ. á m. með því að gefa viðbótaryfirlýsingu.

- 8.3 **Réttur til að eyða (réttur til að gleymast):** Við vissar kringumstæður geturðu átt rétt til þess að við eyðum persónuupplýsingum um þig og að fenginni slíkri ósk er okkur skylt að eyða þeim upplýsingum sem ósk tekur til.
- 8.4 **Réttur til takmörkunar vinnslu:** Við vissar kringumstæður áttu rétt til þess að við takmörkum vinnslu persónuupplýsinga um þig. Komi það til verða slíkar upplýsingar auðkenndar þannig að þær megi aðeins vinna í tilteknum tilgangi.
- 8.5 **Réttur til gagnaflutnings:** Við vissar kringumstæður geturðu átt rétt til þess að við afhendum þér persónuupplýsingar varðandi þig sem þú hefur útvegað okkur, skipulega teknar saman á þann hátt sem tíðkanlegur er í tölvulesanlegu formi, og þú getur átt rétt til þess að senda þær upplýsingar annað án hindrana frá okkur.
- 8.6 **Réttur til andmæla: Við vissar kringumstæður, sem geta komið upp hvenær sem er, geturðu átt rétt til að andmæla vinnslu okkar á persónuupplýsingum um þig vegna atvika sem varða þig sérstaklega og okkur getur þá verið óheimilt að vinna þær upplýsingar. Séu upplýsingarnar unnar í þeim tilgangi að nota í beinni markaðssetningu er þér ennfremur heimilt hvenær sem er að andmæla vinnslu persónuupplýsinga um þig til slíkrar markaðssetningar, sem m.a. felur í sér vinnslu svipmóts (e=profiling) að því marki sem það er tengt slíkri beinni markaðssetningu. Komi þetta til verður látið af vinnslu persónuupplýsinga um þig í þeim tilgangi.**